


VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Norðurlandsdeild  
Hólum í Hjaltadal  
551 Sauðárkrókur  
Sími 95-6599

ATHUGUN A SEIÐASTOFNUM REYKJADALSÁR S-ÞING. 1986.

Tumi Tómasson.



**VEIÐIMÁLASTOFNUN**

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116  
- INNG. FRÁ HLEMMI

PÓSTH. 5252  
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

VMST-N/87004  
Hólum, mars 1987.

## Athugun á seiðastofnum Reykjadalsár S-Þing. 1986.

### Inngangur.

Seiðastofnar Reykjadalsár voru kannaðir með rafveiðum 6/6 og 1/9 1986. Athuganirnar voru með svipuðum hætti og undanfarin ár. Veitt var á þremur stöðum í Reykjadalsá og einum í Seljadalsá í fyrra skiptið. Um haustið var bætt við tveimur stöðum í Seljadalsá fyrir framan fossinn. Þar hafði verið sleppt smáseiðum í júní. Staðsetning rafveiðistaða er sýnd á Mynd 1.

Sérstaklega þykir mikilvægt að fylgjast vel með seiðastofnum árinna, því nú hefur verið tekin upp sú stefna að reyna að skapa góð uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði í ánni, með því að halda hrygningarstofninum í skefjum. Lax er þá tekinn úr ánni að haustinu og seldur í klak, og greitt fyrir hann með seiðum næsta vor. Síðan má sleppa samstofna seiðum í ána á ólaxgeng svæði, eða í aðra hluta vatnakerfisins ef þurfa þykir.

Alls bárust 48 hreistursýni af löxum veiddum í Reykjadalsá og Vestmannsvatni. Þau voru greind með tilliti til aldurs, og reynt að ákvarða uppruna þeirra (úr stöð eða náttúruleg) á grundvelli vaxtarmynsturs.

### Niðurstöður rafveiða.

Niðurstöður rafveiða eru sýndar í töflum 1, 2 og 3 og á Myndum 2 og 3. Miðað við niðurstöður frá 1985 hefur þéttleiki laxaseiða aukist verulega, en þéttleiki urriðaseiða haldist svipaður. Hjá laxinum munar þar mestu að 2+ árgangurinn er fremur veikur, en 1+ seiði veiðast í miklum mæli á stöðum 2 - 4. Nóg virðist einnig vera af 0+ seiðum, nema við Lauga, þar sem einungis veiddust tvö slík seiði um haustið. Þessi seiði eiga enn eftir að dreifa sér um ána, og því of snemmt að meta hvort þar sé um litla hrygningu að ræða.

Við Stafn hefur ekki verið nein hrygning í nokkur ár, og vorið 1986 var sleppt þar smáseiðum. Þessi seiði komu svo fram í rafveiðunum um haustið og virtust hafa dafnað vel. Sama var að segja um sleppingar á ólaxgeng svæði í Seljadalsá, nema að þar var þéttleikinn mun minni. Þar voru rafveiddir 40 og 50 m kaflar og fengust 6 seiði á hvorum stað.

Vöxtur seiða er svipaður nú og árið á undan, og á heildina litið er ástandið gott. Þó ber á það að líta að vegna nýliðunarbrests fremst í ánni hefur það svæði sem framleiðir gönguseiði, sem fara út 1987, minnkað. Hve mikil áhrif þetta hefur er óvíst.

## Niðurstöður aldursgreiningar hreistursýna.

Alls bárust 48 hreistursýni, og eru niðurstöður settar fram í Töflu 4, og á blöðum sem fylgja skýrslunni.

Ekkert sýnanna var af löxum sem voru að koma til hrygningar öðru sinni, en eitt af laxi sem hafði dvalið þrjú ár í sjó. Flest sýnanna voru af smálöxum. Alls virtust 4 laxar með þriggja ára ferskvatnsdvöl vera af sleppiuppruna (slepping 1982) og skiptast þannig:

Reykjadalsá	1	(af 17 sýnum)
Vestmannsvatn	2	(af 7 sýnum)
Eyvindarlækur	1	(af 2 sýnum)

Ekki er hægt að draga mjög öruggar ályktanir, þar eð sýnin eru fá. Þó kemur fram sú tilhneiging að sleppingar í Vestmannsvatn skili sér tiltölulega lítið í Reykjadalsá.

## Umræður og ályktanir.

Ætla má að nóg sé að hrygning sé sem samsvari u.þ.b. einu hrogni á m<sup>2</sup>. Ef við reiknum með að uppeldissvæðið sé 14 km á lengd, og 16 m breitt að meðaltali og að í hverri laxahrygnu séu 1700 hrogn á hvert kg, þarf því um 132 kg af laxahrygnum. Þetta samsvarar 33 átta punda hrygnum. Yfirleitt eru fleiri hengar en hrygnur eftir í ánum að haustinu, og því er líklegt að miðað við ofangreindar forsendur sé ráðlegt að heildarhrygningarstofninn sé um 100-120 laxar.

Ofangreindir útreikningar eru einungis til viðmiðunar. Ekki er víst að hrygning sé jöfn á milli svæða, og endanlegt mat á hvernig beri að standa að stjórnun hrygningarstofns og jafnvel seiðasleppingum veltur á niðurstöðum athugana á seiðastofnum árinna.

Flest bendir til að óhætt sé að halda áfram ádrætti að hausti, en e.t.v. mætti þó hlífa svæðinu við Lauga haustið 1987. Það ræðst hinsvegar af niðurstöðum rafveiðanna í sumar, og laxgengdinni.

Eg tel að áfram skuli sleppt seiðum á ólaxgeng svæði í Seljadalsá, framarlega í Reykjadalsá og í Máslæk. Þó ber að varast að sleppa seiðum í of miklu magni. Hlutfallslegur árangur sleppinga er oft í öfugu hlutfalli við hve þétt er sleppt.

Tiltölulega fá hreistursýni bárust af löxum úr aflu veiðimanna 1986. Greining sýnanna bendir þó til, eins og reyndar oft áður, að sleppingar í Vestmannsvatn skili árangri, og þá fyrst og fremst í netaveiðina í vatninu. Reynslan af sleppingum í Másvatn er slík, að ég tel tæplega ástæðu til að mæla með áframhaldandi sleppingum þar. Full ástæða er til að leggja aukna áherslu á söfnun hreistursýna og jafnvel merkingar á sleppiseiðum.

Tafla 1.

Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m<sup>2</sup> í Reykjadalssá.  
Veiðistaðir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

6/6 1986.

Staður.	Stærð veiðisvæðis	Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m <sup>2</sup>				
		0+	1+	2+	3+	4/5+
1	36x10m	-	-	0,3	-	3,1
2	23x18m	-	6,5	2,2	4,3	1,2
3	23x18m	-	8,4	3,9	6,8	1,0
4	33x8m	-	16,7	8,0	1,5	1,5

1/9 1986.

1	20x10m	4,0	-	1,0	2,0	1,0
2	15x13m	18,0	8,7	1,5	7,7	-
3	15x18m	0,7	18,5	1,5	4,1	-
4	20x8m	20,0	17,5	4,4	0,6	-

Tafla 2.

Fjöldi veiddra urriðaseiða á hverja 100 m<sup>2</sup>  
í Reykjadalssá sumarið 1986.  
Veiðistaðir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

6/6 1986.

Staður	Stærð veiðisvæðis	Fjöldi veiddra urriðaseiða á hverja 100 m <sup>2</sup> .			
		0+	1+	2+	3+
1	36x10m	-	0,8	0,6	-
2	23x18m	-	4,3	0,2	-
3	23x18m	-	0,2	0,2	-
4	33x8m	-	3,0	0,8	0,4

1/9 1986.

1	20x10m	8,5	6,5	2,0	1,0
2	15x13m	-	0,5	1,0	-
3	15x18m	3,7	2,6	0,4	1,8
4	20x8m	-	0,6	-	-

Tafla 3.


Heildarfjöldi veiddra laxa og urriðaseiða per 100 m<sup>2</sup>  
í Reykjadalssá 1986, og innbyrðis styrkleiki tegundanna.

6/6 1986.


Staður	lax	urriði	lax %	:	urriði %
1	3,4	1,4	71	:	29
2	14,2	4,5	76	:	24
3	20,1	0,4	98	:	2
4	27,7	4,2	87	:	13

1/9 1986.


1	8,0	18,0	31	:	69
2	35,9	1,5	96	:	4
3	24,8	8,5	74	:	26
4	42,5	0,6	99	:	1



Mynd 1. Rafsveiðistaðir í Reykjadalssá




1/9 1986. Lax.




Mynd 2. Lengdar og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Reykjadalssá 1986.

6/6 1986. Urriði.



1/9 1986. Urriði.



Mynd 3. Lengdar og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Reykjadalssá 1986.

Vatnsfall: Reykjadalur

Fisktegund: \_\_\_\_\_

Sendandi: \_\_\_\_\_

Fjöldi sýna: \_\_\_\_\_

Veidiár: \_\_\_\_\_

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm	Þyngd í kg	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
1	14/6	♂	61	2.0	4+	1+	Kúavæð
2	26/6	♂	55	1.5	4+	1+	Ástakörng
3	26/6	♂	62	2.5	5	1+	Stekjarhöll
4	-	♀	55	2.0	3+	1+	Slafsgil
5	-	♀	87	6.0	4+	2+	- " -
6	-	♀	58	2.0	4+	1+	Ástakörng
7	-	♂	59	2.0	3+	1+	Viðagil
8	-	♂	57	2.0	3	1+	Skriðustangur
9	-	♂	58	2.5	3+	1+	Stekjarhöll
10	29/6	♀	78	4.5	4+	2+	- " -
11	-	♂	58	2.0	4+	1+	Stóruaugap.
12	-	♂	60	2.5	4+	1+	Stekjarhöll
13	-	♂	59	2.5	3	1+	- " -
14	6/7	♀	77	3.5	4+	2+	Skakkonf
15	8/7	♂	64	2.5	4+	1+	Slafsgil
16	8/7	♂	64	2.5	4+	1+	- " -
17	-	♂	63	2.5	3+	1+	Hellisstangur
18	-	♀	85	5.0	3+	1+	Viðagil
19	-	♂	66	3.0	4	1+	- " -
20	12/7	♀	78	4.0	5+	2+	Kúavæð
21	-	♀	84	4.5	3+	2+	Dagmálapollur
22	23/7	♂	55	2.0	4+	1+	Hammakrókur
23	-	♀	81	5.0	4+	2+	Stóruaugapollur
24	2/8		74	3.5	5	2+	- " -
25	-		59	2.0	3+	1+	- " -
26	17/9	♂		2.0	3+	1+	
27	-	♂		2.0	4+	1+	
28	-	♂		2.0	4+	1+	
29	-	♂		3.0	4	1+	
30	-	♂		3.5	4	2+	
31	-	♂		3.0	5	1+	
32	-	♂		4.0	4+	1+	
33	-	♂		2.0	4	1+	
34	-	♂		4.0	3	1+ 55	
35	-	♂		3.5	4	1+	
36	-	♂		4.0	4+	1+	

